



Fundargerð stjórnarfundar

Fundarstjóri: Grétar

Ritari: Katrín

Mætt á skrifstofu: Grétar, Elsa, Katrín og Rósborg vegna reglugerðarbreytinga.

Mætt á teams: Valli, Unnur, Gunnar

Dagsetn 6. maí 2026 kl 16:30

Haldinn á skrifstofu BLÍ og á Teams

1. Staða vinnu við reglugerðarbreytingartillögur frá ársþingi

- **Viðbrögð félaga við þátttöku BLÍ í efstu deild með HP—lið.** Liðin voru misáhugasöm um verkefnið og voru sammála því að það vantaði betri útfærslu á verkefninu.
 - Ákvörðun stjórnar er því sú að setja verkefnið til hliðar að svo stöddu
- **Endurskoðun leikmannasamninga.** Ný dagsetning á skilafresti vinnuhóps um leikmannasamninga er nú 1. júlí n.k.
 - Í nefnd fyrir hönd stjórnar eru Grétar og Lúlli.
 - Fyrir hönd félaga eru Einar Friðgeir og Siggí Hreins.
 - Fyrir hönd leikmanna eru Jóna Margrét, Arna Sólrún, Einar Friðgeir.
 - Sif Atla er ráðgjafi Verkefnis
- **Erlend félagaskipti.** Vinna er hafin við að stofna nefnd sem kannar kostnað við kaup leikmanna á milli landa.
- **Stigafyrirkomulagi í deildarkeppni.** Sú vinna klárast fyrir 8. maí n.k.
- **Félagaskipti leikmanna sem ekki hafa leikið í deild í nokkur ár.** BLÍ kannar hvernig önnur sambönd standa að þessu og notar það til hliðsjónar.

2. Dómaramál

- **Endurskipulagning á hlutverki dómaranefndar.** Grétar og Valli vinna að því með dómaranefnd.

3. Afreksmál

- **Utanhald afreksmála BLÍ.** Fara þarf í þá vinnu að skilgreina betur afreksverefni BLÍ og þau verkefni sem fylgja afreksmálum.

- **Greiðsluþátttaka afreksfólks.** Rædd var greiðsluþátttaka afreksfólks sem tekur þátt í bæði U-verkefnum og A-verkefnum á vegum BLÍ. Ákveðið var að niðurgreiða A-verkefni þess afreksfólks sem tekur þátt í fleiri en tveimur U-verkefnum yfir árið, auk A-verkefna.

4. Öldungamót 2026

- **Setja inn á blak.is** Vantar þarna inn úrslit 2024 mótsins og til að hafa öll úrslit öldungamóta á sama stað er nóg að setja inn sæti.
- **Útfærsla á blak.is.** Síðan er ekki góð og það þarf að setja inn mögulegar úrbætur.
- **Fánaborgir á öldungamótum.** Væri gaman ef mótshaldarar hefðu fánaborgir fyrir utan aðal leikstað á öldungamótum BLÍ
- **Landslið og öldungamót.** Fjáröflunin hjá því landsliðsfólki sem fór norður gekk mjög vel.
- **Öldungamót 2027.** BLÍ barst fundargerð frá öldungaráði. Í framhaldinu er ákveðið að stjórn fundar með ráðinu mánudaginn 11. maí kl 17:30.
- Mótið er orðið svo stórt að það þarf að fara í stefnumótandi vinnu um hvernig þróa eigi mótið.

5. Bikarkeppni 2026-2027

- Rætt var um umgjörð bikarmóts BLÍ vegna næsta tímabils

6. Önnur mál

- Stjórn hittist á óformlegum fundi á öldungamótinu og var þessi mynd tekin við það tækifæri.

